

Ársskýrsla Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir árið 2023

Lögð fram á ársfundi 22. mars 2024

Á ársfundi Sagnfræðistofnunar 30. apríl 2021 var kjörin ný stjórn til þriggja ára. Í henni sitja Már Jónsson sem forstöðumaður, Rósa Magnúsdóttir sem fyrsti meðstjórnandi, Sverrir Jakobsson sem annar meðstjórnandi og Viðar Pálsson sem varamaður. Bragi Þorgrímur Ólafsson var þá í stjórn sem fulltrúi doktorsnema. Nýr fulltrúi þeirra, Björn Reynir Halldórsson, tók við af honum í ágúst 2022 og Einar Einarsson kom í hans stað hálfu ári síðar. Stjórnin hélt tvo fundi á liðnu ári, 14. janúar og 21. september, en síðan 19. janúar 2024. Hún skiptist þess á milli á skeytum eftir þörfum og ræddi ýmis málefni óformlega. Forstöðumaður situr sem fulltrúi Sagnfræðistofnunar í nýju fagraði Hugvísindastofnunar (sem hittist óreglulega). Hann er formaður Landsnefndar sagnfræðinga og þar situr Rósa Magnúsdóttir líka fyrir hönd stofnunarinnar.

Ragnheiður Kristjánsdóttir er landsritstjóri *Scandinavian Journal of History*. Sigurður Gylfi Magnússon er formaður stjórnar Miðstöðvar einsögurannsókna, sem er hluti Sagnfræðistofnunar. Hann situr fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagraði Miðstöðvar munnlegrar sögu og varamaður er Erla Hulda Halldórsdóttir. Erla Hulda er fulltrúi stofnunarinnar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands og Viðar Pálsson til vara. Guðmundur Jónsson er fulltrúi stofnunar í Sjóði dr. Björns Þorsteinssonar ásamt Sverri Jakobssyni, sem er formaður.

Félagar

Kennarar í sagnfræði, skjalfræði og hagnýtri menningarmiðlun: Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðmundur Hálfðanarson, Guðmundur Jónsson, Helga Jóna Eiríksdóttir, Már Jónsson, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Rósa Magnúsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, Sumarliði R. Ísleifsson, Sverrir Jakobsson, Valur Ingimundarson og Viðar Pálsson. Kennarar á eftirlaunum: Anna Agnarsdóttir, Helgi Þorláksson, Ingi Sigurðsson, Kristjana Kristinsdóttir, Sveinbjörn Rafnsson og Þór Whitehead. Sérfræðingur hjá Sagnfræðistofnun: Árni Daníel Júlíusson. Nýdóttorar sem tengjast stofnuninni: Ciaran Fiona McDonough, Hrafnkell Lárusson, Skafti Ingimarsson, Sólveig Ólafsdóttir, Sveinn Máni Jóhannesson, Valgerður Pálmadóttir og Vitaly Kazakov. Doktorsnemar í sagnfræði: Bethany Louise Rogers, Björn Jón Bragason, Björn Reynir Halldórsson, Daria Segal, Egill Þór Níelsson, Einar Einarsson, Florian Michael Herbert Jacob, Giulia Zorsan, Gunnar Sveinbjörn Óskarsson, Hafdís Erla

Hafsteinsdóttir, Jennifer Veronica Maclellan, Lea Debra Pokorny, Meghan Anne Korten, Michael Anthony Hansen, Ólafur Arnar Sveinsson, Óskar Guðlaugsson, Paul Thorben Theissen, Pétur Guðjón Kristjánsson, Pontus Erik Gunnar Jarvstad, Ryan Dean Fenster, Ryan Eric Johnson, Sýlvía Marsibil Bates, Tjörvi Schiöth, Tryggvi Rúnar Brynjarsson, Yeonji Ghim og Yeshiwas Degu Belay.

Rannsóknir

Árni Daníel Júlíusson stýrði *Tvíðælu*, þverfaglegu öndvegisverkefni undir enska nafninu „Power, Wealth and Plague in Two Valleys 870-1500“. Þetta var lokaár vettvangsvinnu en haldið verður áfram á þessu ári við skrifborðin. Hann hélt nokkra fyrirlestra, þar á meðal á þingi evrópskra umhverfissagnfræðinga í Bern um sel og seljabúskap ásamt með Juliu Esch og Gylfa Þór Helgasyni. Hann hélt opunarerindi á heiðursþingi fyrir Bjarna Guðmundsson, prófessor emeritus, við Landbúnaðaháskóla Íslands á Hvanneyri. Hann birti grein í bók um „katechismus“ í löndum Evrópu, barnalesbækur árnýaldar sem komu út með árvissu millibili hér á landi í stórum upplögum á 17. og 18. öld. Greinin var um þessa útgáfu hér á landi.

Erla Hulda Halldórsdóttir. Af útgefnum verkum ber hæst bókin *Ég er þinn elskari. Bréf Baldvins Einarssonar til Krístrúnar Jónsdóttur 1825–1832* (Reykjavík 2023). Fyrirlestrar voru haldnir um orðræðu ástarinnar (Félag um 18. aldar fræði 11. febrúar), um jafnrétti á Íslandi („Becoming independent citizens. Women in Iceland, 1915-1970“) á málþinginu „Så blev Island världens mest jämställda land“ í Stokkhólmi 27. febrúar og um Oddnýju á Gerði (Þórbergssetur á Hala 4. nóvember).

Guðmundur Hálfðanarson var annar aðalritstjóra bókarinnar *Europe in the Age of Post-Truth Politics: Populism, Disinformation and the Public Sphere* sem kom út hjá Routledge-forlaginu á síðasta ári. Þá birti hann grein um Ísland í greinasafninu *National Perspectives on the Global Second World War*. Að síðustu vann hann að grein með Claudiu E. Wieners, lektor við háskólann í Utrecht, um orsakir mannfalls á tímum móðuharðinda sem mun birtast í tímaritinu *Natural Hazards and Earth System Sciences*.

Guðmundur Jónsson stýrði verkefninu *Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins* og vann að undirbúningi vefs fyrir gagnagrunn þess og útgáfu bókar með samstarfsmönnum. Hann skipulagði einnig lokaráðstefnu verkefnisins sem var haldin í júní með tæplega 30 innlendum og erlendum fræðimönnum. Verkefninu *Rannsóknaháskóli verður til* var haldið áfram með Leifi Reynissyni í samvinnu við deildir Háskólans og Miðstöð munnlegrar sögu. Guðmundur birti grein um hungursneyðir átjándu og nítjándu aldar í tímaritinu *Sögu*. Hann flutti

fyrirlestra héraðs, í Gautaborg og Cluj-Napoca um veikburða ríkisvald, efnahagslegan ójöfnuð á 18. öld, stöðu sögukennslu í skólum, íslenska hagsögu og skiptingu býla hér á landi.

Helga Jóna Eiríksdóttir vann að fyrstu tveimur bindum í *Rannsóknarriti Þjóðskjalasafns* sem fjalla annars vegar um stjórnsýslulegt hlutverk safnsins og hins vegar menningarhlutverk þess. Hún er ritstjóri og höfundur þriggja greina. Helga Jóna var einn álitgjafa um héraðsskjalasöfn í seinna tölublaði *Sögu*.

Már Jónsson birti greinar um Grágás, Járnsíðu og Jónsbók í afmælisriti Jóns Viðars Sigurðssonar, prófessors við Oslóarháskóla, og í *Tímariti lögfræðinga*, en aðrar um Þormóð Torfason sem morðingja í *Scripta Islandica* (Uppsölum) og um lestrargetu almenninga á 18. öld í *Múlapingi*. Þá birtust í *Sögu* pistill um héraðsskjalasöfn og ítardómur um heildarútgáfu landsnefndarskjala. Már hélt fyrirlestra í Reykjavík og á Álftanesi, í Osló og París. Hann var formaður fagráðs í hugvísindum hjá Rannís. Hann tekur nú þátt í þremur alþjóðlegum rannsóknarverkefnum: *Nordic Law Books: The Production and Use of Vernacular Law Manuscripts in the North from 1100–1600* (Björgvin), *Archive Arnarnagnaana* (Reykjavík) og *Nachhallende Netzwerke. Diskursive, räumliche und personelle Knotenpunkte altnordistischer Forschungsparadigmen 1650–1950* (Basel og Berlín).

Ragnheiður Kristjánsdóttir vann að greinasafni um efnahagslegar takmarkanir kosningaréttar sem kemur út hjá *Palgrave* árið 2024. Auk þess vann hún að kafla í bók um Fjallkonuna sem kemur út í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins. Á síðari hluta ársins vann hún ásamt Rósu Magnúsdóttur að grein um stjórnáamanninn Ragnhildi Helgadóttur sem er væntanleg í *Andvara*. Árið 2023 kom út eftir Ragnheiði á ensku grein sem hún skrifaði með samstarfsfólki um norræna verkalýðssögu, en líka tveir bókarkafnar sem hún skrifaði ásamt Silke Neunsinger um baráttu fyrir launajafnrétti í staðbundnu og hnattrænu samhengi, annar á ensku en hinn á þýsku. Í ársbyrjun 2023 tók hún við sem annar af tveimur aðalritstjórum *Scandinavian Journal of History*. Hún hélt fyrirlestra í Reykjavík, Hveragerði og á alþjóðlegum netráðstefnum.

Rósa Magnúsdóttir gaf út grein í *Sögu* um ferðir íslenskra poppara austur fyrir járnaldrið og vann áfram í sameiginlegu verkefni hennar og Birgitte Beck Pristed um *Book Diplomacy* í kalda stríðinu. Hún sendi einnig frá sér nokkrar greinar til birtingar á komandi mánuðum. Hún hélt erindi á fjórum alþjóðlegum ráðstefnum í Reykjavík, Turku og Bielefeld, auk þess að taka þátt í nokkrum málstofum og viðburðum, meðal annars í Reykjavík, Osló og Árósum. Rósa tók þátt í starfi Úkraínuverkefnis Háskóla Íslands og situr í stjórn *Forschungsstelle*

Osteuropa í Bremen í Þýskalandi og í stjórn Sögufélags. Hún ræddi töluvert við íslenska fjölmiðla um málefni Rússlands og Úkraínu en einnig um eigin rannsóknir á sviði kalda stríðsins, til dæmis í þremur löngum spjallþáttum á Samstöðinni (Heit ást – kalt stríð; Popparar í gegnum járnþjaldið; Kalt menningarstríð).

Sigurður Gylfi Magnússon stjórnar öndvegisverkefninu „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking“ (*My Favourite Things: Material Culture Archives, Cultural Heritage and Meaning*). Verkefnið hlaut styrk í upphafi árs 2018 og því lauk í árslok 2023. Sigurður Gylfi er annar stjórnandi verkefnisins „Bíbí í Berlín: Einsaga og fötlunarfræði – ný nálgun“ sem styrkt er af Rannís. Hinn er Guðrún V. Stefánsdóttir prófessor í fötlunarfræði. Þátttakandi í verkefninu er Sólveig Ólafsdóttir sem nýdoktor við námsbraut í sagnfræði. Verkefninu lauk í febrúar 2024 og bók um Bíbí kemur senn út hjá Routledge. Eftirtalin verk á birtust árinu: *Autobiographical Traditions in Egodocuments: Icelandic Literacy Practices* (London 2023); „Pen, paper and peasants: The rise of vernacular literacy practices in nineteenth-century Iceland.“ *The Common Writer in Modern History*. Ritstj. Martyn Lyons (Manchester 2023), bls. 121–139 (meðhöfundur Davíð Ólafsson). Sigurður Gylfi flutti ellefu opinbera fyrirlestra á árinu í Tókýó, Stokkhólmi og Reykjavík. Hann skipulagði röð tólf fyrirlestra í Þjóðminjasafni Íslands: „Eru söfn einhvers virði?“ Hann skipulagði alþjóðlega lokaráðstefna fyrir „Heimsins hnoss“. Sigurður Gylfi er einn af fjórum ritstjórum Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar, en gefnar voru út tvær bækur árið 2023 (nr. 31 og 32). Hann er annar tveggja ritstjóra í alþjóðlegri bókaröð sem nefnist *Microhistories* hjá Routledge. Tvær bækur komu út á árinu. Hann er formaður stjórnar Miðstöðvar einsögurannsókna sem er hluti af Sagnfræðistofnun. Miðstöðin fer fyrir verkefnunum „Heimsins hnoss“ og „Bíbí in Berlín“.

Sumarliði R. Ísleifsson hafði umsjón með námsleiðinni Hagnýt menningarmiðlun og skyldum greinum. Hann hélt nokkra fyrirlestra á árinu, bæði hérlendis og erlendis. Hann tók þátt í tveimur alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Í tengslum við annað þeirra vannur hann að útgáfu bókar á skjölum vegna trúboðs Bræðrareglunnar á Íslandi um miðja 18. öld. Grein er væntanleg um erlendar ferðakonur á Íslandi á 19. öld og önnur um orðræðu um stöðu Íslands í heiminum með hliðsjón af hugtökunum „Global South“ og „Global North“. Þá hefur Sumarliði haldið áfram rannsóknum og miðlun varðandi sögu Austur-Grænlands og hefur undanfarið misseri undirbúið sýningu sem verður sett upp í Tasiilaq á þessu ári.

Sverrir Jakobsson stjórnaði rannsóknaverkefninu „Norrænir menn í Austurvegi“ (*Legends of the Eastern Vikings*) sem var styrkt af Rannsóknasjóði og lauk á árinu 2023.

Bókin *The Making of the Eastern Vikings. Rus' and Varangians in the Middle Ages*, sem birtir rannsóknaniðurstöður að hluta, kom út á prenti snemma árs 2024 í ritstjórn Sverris, Þóris Jónssonar Hraundals og Dariu Segal. Eftir Sverri birtust greinarnar „Rewriting the Settlement. Lawmen and the Formation of Landnámabók, 1270–1320“ í *Arkiv för nordisk filologi* og „Völd og auður við Breiðafjörð á fimmtánda öld“ í *Breiðfirðingi*. Jafnframt birtust þrjár yfirlitsgreinar eftir Sverri í alfræðiritum og hann flutti sjö fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum málþingum á árinu, auk ritdóma og annarra smærri verka.

Valur Ingimundarson tekur þátt í starfi í nokkurra rannsóknarnetverka og rannsóknarstofnana, þar á meðal LSE IDEAS (alþjóðasaga og -stjórnsmál), ReNEW (alþjóðaáhrif Norðurlandanna), EDDU (samtímastjórnsmál), Ratiu Centre/Háskólans í Cluj (stjórnsmálasaga og stjórnsmálafræði) og RUSI (öryggismál). Tveir bókarkafar birtust eftir hann: annars vegar „Russia's Use of the Kosovo Case to Legitimize Military Interventions and Territorial Conquests“ (Palgrave) og hins vegar „Interpreting Iceland's victories in the Cod Wars with the United Kingdom“ (Routledge). Hann hélt þrjú erindi á alþjóðlegum ráðstefnum í New York, Cluj/Turda (Rúmeníu) og Pristína (Kosovo), og tvö á ráðstefnum í Reykjavík.

Viðar Pálsson birti tvær ritrýndar greinar á sviði réttarsögu, aðra um Kristinrétt Árna Þorlákssonar og röksemdir lagasetningar, hina um slímusetur í Járnsíðu og Jónsbók, og að auki einn ritdóm. Hann ritstýrði *Tímariti lögfræðinga* en síðasta hefti ársins var helgað réttarsögu. Á liðnu ári lauk verkefnisstyrktri (Rannís) rannsókn hans, Anders Winroth (Oslóarháskóla) og Elizabeth Walgenbach (Árnastofnun) á Kristinrétti Árna. Bók er í farvatninu.

Útgáfa

Sagnfræðistofnun gaf enga bók út á árinu. Stjórn hefur á síðustu mánuðum rætt hlutverk og framtíð ritraða stofnunarinnar, sem eru Sagnfræðirannsóknir, Ritsafn Sagnfræðistofnunar og Heimildasafn Sagnfræðistofnunar. Niðurstaða liggur ekki fyrir önnur en sú að í stað fastra ritstjóra fyrir hverri röð verði einhver félagi stofnunarinnar fenginn til að fylgja bókum eftir. Stjórn veitir *Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar* árlegan útgáfustyrk, en hún er gefin út af Miðstöð einsögurannsókna. Bók Erlu Huldu Halldórsdóttur, *Ég er þinn elskari* (2023), var styrkt og heitið var styrkjum til útgáfu tveggja bóka hjá Sögufélagi sem byggja á doktorsritgerðum Hrafnkels Lárussonar og Skafta Ingimarssonar (sjá nánar í fjárhagsyfirliti). Þá hefur verið heitið styrk til Þorkels Gunnars Sigurbjörnssonar vegna á útgáfu BA-ritgerðar í

röð smárita Sögufélags. Heimasíðu Sagnfræðistofnunar hefur verið haldið við eftir þörfum og sinnir Guðmundur Hörður Guðmundsson á skrifstofu Hugvísindasviðs því verki. Vefurinn SöguSlóðir (soguslodir.hi.is) hefur sem fyrr verið í umsjón Guðmundar Jónssonar.

Fésbókarsíða Sagnfræðistofnunar hefur ekkert verið notuð og ákveðið var á árinu að nýta hana líka fyrir námsbrautina.

Árið 2021 hélt Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands upp á hálfra aldar afmæli sitt. Eft var til sýningar í Þjóðarbókhlöðu um starfsemina og Jakob Snævar Ólafsson skrifaði MA-ritgerð um sögu stofnunarinnar: „Í hringið sagnfræðinnar. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og íslensk sagnfræði 1971–2021“. Ritgerðin er nú aðgengileg á vefsíðu Sagnfræðistofnunar ásamt sýningarskrá; sjá sagnfrædistofnun.hi.is/is/um-okkur/saga

Íðorðanefnd áformar að setja meiri kraft í starfið en verið hefur undanfarið og hittist nú reglulega. Sagnfræðistofnun hefur heitið styrk til launa aðstoðarmanns.

Fræðilegar samkomur

Miðvikudaginn 16. ágúst 2023 hélt rússneski sagnfræðingurinn Mikhail Boytsov, prófessor í miðaldasögu við háskólann í Düsseldorf og áður við Higher School of Economics í Moskvu, minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar, með heitinu „Not only Sverrir: the dead rulers sitting on their thrones.“ Á vegum Miðstöðvar einsögurannsókna, þremur dögum fyrr, hélt eiginkona hans, Susanna Pshizova, fræðimaður við Mannheim Centre for European Social Research, áður prófessor í opinberri stjórnsýslu við Lomonosov Moscow State University, fyrirlestur með heitinu „Why Putin’s policies enjoy mass support in Russia“.

Sagnfræðistofnun kemur sem fyrr að reglulegri málstofu um félags- og hagsögu sem kennarar í sagnfræði og hagfræði annast. Umsjón hafa Guðmundur Jónsson, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir og Sveinn Agnarsson.

Stofnunin kom að ráðstefnunni „Family, land and the household economy: Social and economic landscapes of rural society in early modern Europe“ sem var haldin 8. og 9. júní á vegum rannsóknarverkefnis sem Guðmundur Jónsson fer fyrir.

Málþingið „Femínískur aktívismi í 20 ár: 2003–2023“ var haldið 13. október í samvinnu við námsbraut í kynjafræði með þátttöku Valgerðar Pálmadóttur.

Sagnfræðistofnun verður aðili að málstofu um íþróttir og stjórnmála sem Vitaly Kazakov og Rósa Magnúsdóttir skipuleggja í maí og að ráðstefnu um kvenna- og kynjasögurannsóknir dagana 7.–8. júní næstkomandi á Seyðisfirði og Egilsstöðum. Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir koma að skipulagningu. Einnig kemur stofnunin að málþingi um

miðlun sögunnar sem Rósa og Sumarliði Ísleifsson skipuleggja og fer fram 26.–27. september með styrk úr sérstökum sjóði Háskóla Íslands til stuðnings við samfélagsvirkni.

Stærsta verkefnið framundan er þó þing norrænna sagnfræðinga sem verður haldið í Reykjavík 13.–15. ágúst 2025. Landsnefnd sagnfræðinga annast undirbúning og í þingnefnd sitja Rósa Magnúsdóttir fyrir Sagnfræðistofnun, Helga Vollertsen fyrir Félag íslenskra safna og safnamanna, Stefán Svavarsson fyrir Félag sögukennara, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir fyrir ReykjavíkurAkademíuna, Ása Ester Sigurðardóttir fyrir Sagnfræðingafélagið og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. Fyrirtækið „Komum ráðstefnur“ sér um ýmsa þætti framkvæmdarinnar og jafnframt ráðstefnuþjónusta háskólans, sem verið er að efla til góðra verka undir stjórn Ingibjargar Ólafsdóttur. Kallað var eftir fyrirlestrum og málstofum 19. janúar og skilafrestur er 25. apríl. Vefsíða þingsins er <http://nhm2025.is>

Fjármál

Í árslok 2023 voru kr. 8.109.378 á reikningi stofnunarinnar, nokkru hærra upphæð en ári fyrr (kr. 6.850.555). Innistæða vegna *Scandinavian Journal of History* er nú kr. 5.903.393 (var kr. 3.970.127). Það fé er til ráðstöfunar fyrir Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga vegna alþjóðlegra samskipta og má að einhverju leyti nýta við undirbúning á norrænu þingi á næsta ári. Tekjur Sagnfræðistofnunar árið 2023 námu kr. 3.302.816 og komu frá Hugvísindastofnun; þar af kr. 500.000 í fast framlag en hitt sem reiknað mótframlag vegna styrkja. Við bættust kr. 2912 af útgáfureikningi, sem var lokað. Bókaútgáfa verður framvegis undir aðalnúmeri líkt og aðrir þættir starfseminnar. Verkefnisnúmerið 139540 er ætlað fyrir umsvif vegna norræna þingsins. Útgjöld stofnunarinnar árið 2023 námu kr. 1.679.392. Sjá nánar í sundurliðuðu fjárhagsyfirliti, sem fylgir hér á bls. 8–9:

	<i>Sagnfræðistofnun 2023. Fjárhagsyfirlit</i>	<i>Árslok 2023</i>	
139204	Sagnfræðistofnun - staða við árslok 2022 skv. yfirliti	6,350,555	
	Greiðsla bókuð á 2022 eftir aðalfund	500,000	
	Staða skv. bókhaldi HÍ við árslok 2022	6,850,555	
	Rekstrarafgangur 2023	1,758,823	
	Staða skv. bókhaldi við árslok 2023	8,609,378	
	Væntanleg leiðrétting 2024	-500,000	
	Raunstaða eftir leiðréttingu	8,109,378	
139562	Útgáfa - staða við árslok 2022	2,912	
	Rekstur 2023	-2,912	
	Staða við árslok 2023	0	
139540	Ráðstefnur Sagnfræðistofnunar	0	
	Alls staða stofnunar	8,109,378	
139409	Scandinavian Journal of History	5,903,393	
	REKSTUR ÁRIÐ 2023		
	SAGNFRÆÐISTOFNUN 139204	Tekjur	Gjöld
	Frá Hugvísindastofnun og önnur framlög		
	Fjárveiting	3,299,904	
	Hluti fjárveitingar fór til Rannsóknastofu í fornleifafraði		
	Greiðsla af útgáfureikningi og honum lokað	2,912	
	Alls fjárveiting og styrkir	3,302,816	0
	Stjórn / almennur rekstur		
	Reikningar frá Reiknistofnun - tölvuþjónusta		8,000
	Ráðstefnunet 10 - Social and economic landscapes of rural society		15,000
	Laun og launat. gjöld - ranglega færð laun - leiðr. 2024		34,215
	Skrifborðsskipti: Pontus Erik Gunnar Jarvstad	135,399	136,000
	Tímaritið Saga		119,400
	Alls stjórn / almennur rekstur	135,399	312,615

	Málþing og skyld starfsemi		
	Húsnæði: Ráðstefna um sveitasamfélög 1500–1800		98,325
	Mikhail Boytsov - ferðakostnaður		74,891
	Susanna Pshizova		74,891
	Kvöldverður v/heimsóknar erlendra doktorsnema í skrifborðsskiptum		53,150
	Veitingar - þingnefnd norræns þings sagnfræðinga 2025		36,520
	Málþing og skyld starfsemi alls	0	337,777
	Veittir styrkir		
	Erla Hulda Halldórsdóttir v/útg. Ég er þinn elskari		300,000
	Hrafnkell Lárusson: v/útgáfu doktorsritgerðar		300,000
	Skafti Ingimarsson v/útgáfu doktorsritgerðar		300,000
	Ráðstefna um landbúnaðarsamfélagið		100,000
	Ráðstefna um landbúnaðarsamfélagið - móttaka		29,000
	Alls styrkir		1,029,000
	ALLS Sagnfræðistofnun (139204)	3,438,215	1,679,392
	Mismunur	1,758,823	
	ÚTGÁFA – 139562		
	<i>Fært á aðalnúmer Sagnfræðistofnunar og númeri lokað</i>	0	2,912
	ALLS útgáfa (139562)	0	2,912
	Scandinavian Journal of History - 139409		
	INFORMA UK	2,047,264	
	Ferðakostnaður		111,895
	Bankakostnaður		2,103
	ALLS Scand. Journal	2,047,264	113,998
	Mismunur	1,933,266	